

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Hellnahrauns, lóðir nr. 5a og 5b við Íshellu.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar 5. apríl 2023 breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Hellnahrauns, vegna Íshellu 5a og 5b. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að byggingarreitir lóðanna stækka og færast til norðurs. Búndin byggingarlína við Gjáhellu færast til. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 2. mars til 30. mars 2023. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns, Gullhella 1.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar 5. apríl 2023 breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns, vegna lóðarinnar að Gullhelli 1. Í breytingunni felst að byggingarreitir lóðarinnar stækka. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 7. mars til 4. apríl 2023. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 5. apríl 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.